

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 17. nóvember 2020

Mál nr. E-3258/2020:

Sigurður Gunnar Þorsteinsson

(Skúli Sveinsson lögmaður)

gegn

Körfuknattleiksdeild ÍR

(Sveinbjörn Claessen lögmaður)

Dómur

Mál þetta sem var þingfest 26. maí 2020 var dómtekið 5. nóvember 2020. Stefnandi er Sigurður Gunnar Þorsteinsson, Heylæk 1, Hvolsvelli, en stefndi er Körfuknattleiksdeild ÍR, Skógarseli 12, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði stefnanda 1.866.000 krónur auk dráttarvaxta, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 410.000 krónum frá 5. janúar 2020 til 5. febrúar 2020, af 970.000 krónum frá 5. febrúar 2020 til 5. mars 2020, af 1.530.000 krónum frá 5. mars 2020 til 5. apríl 2020 og af 1.866.000 krónum frá 5. apríl 2020 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu, auk greiðslu málskostnaðar.

I

1

Hinn 23. október 2019, undirrituðu málsaðilar samning, þar sem stefnandi skuldbatt sig til að æfa og leika körfuknattleik með félagi sínu ÍR á samningstímanum samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins, sbr. 1. gr. samningsins sem mælti fyrir um skyldur leikmanns. Í a-lið 1. gr. samningsins var m.a. nánar mælt fyrir um að leikmanni bæri að tilkynna öll forföll til stjórnar félagsins eða þjálfara og að leikmaður skyldi vera í mjög góðu líkamlegu formi allt keppnistímabilið. Hann skyldi taka þátt í öllum æfingum og leikjum félagsins nema lögmæt forföll hömluðu og gera ævinlega sitt besta. Leikmaður skyldi tilkynna félaginu um öll meiðsl, sem hann „hefur orðið fyrir eða verður á samningstímanum og gera sitt besta til þess að ná sér sem fyrst með réttri endurhæfingu í samráði við fagfólk“. Samkvæmt d-lið var leikmanni óheimilt að gera sjálfstæðan auglýsingasamning án samráðs við stjórn félagsins og samþykki hennar. Samkvæmt e-

lið var leikmanni óheimilt að æfa, keppa, þjálfra eða sýna körfuknattleik á vegum annars aðila en félagsins á samningstímanum án leyfis stjórnar þess. Þó skyldi honum ævinlega heimil þátttaka í kröfuknattleikslandsleikjum Íslands, svo framarlega að hann væri slysatryggður af hálfu KKÍ. Samkvæmt f-lið gat leikmaður ekki gert frekari kröfur um greiðslur en fram komu í samningnum eða fylgiskjölum hans. Samkvæmt g-lið gat leikmaður, sem er samningsbundinn félaginu, ekki haft félagaskipti, nema félagið og hann væru sammála um að leysa hvor annan frá samningnum. Samkvæmt i-lið bar leikmanni einnig skylda til að taka þátt í þjálfun yngri leikmanna (stórumannaþjálfun) samkvæmt nánara samkomulagi við félagið.

Í 2. gr. samningsins var mælt fyrir um skyldur félagsins og í 3. gr. voru almenn ákvæði. Í c-lið 3. gr. samningsins var kveðið á um að aðilar gætu hvenær sem var orðið sammála um að leysa hvor annan frá samningnum og í d-lið var m.a. mælt fyrir um að kæmi upp ágreiningur skyldu aðilar reyna að ná samkomulagi. Næðist ekki samkomulag gæti hvor aðila fyrir sig vísað deilumálum til félagaskiptanefndar KKÍ til úrlausnar að því marki sem slík úrlausn heyrði undir starfssvið nefndarinnar.

Í e-lið 3. gr. var mælt fyrir um gildistíma samningsins. Samningurinn væri til tveggja ára og skyldi taka gildi við undirritun og gilda til loka keppnistímabilsins 2020/2021. Þá sagði svo:

Í samningi þessum og viðaukum við hann skal keppnistímabil vera frá 1. september og fram að síðasta leik félagsins keppnistímabili. (sic) Aðilar skulu hafa 14 daga til að endurskoða samninginn eftir síðasta leik hvors keppnistímabils fyrir sig en á þeim tíma er gagnkvæmur réttur til uppsagnar í gildi. Fari svo að leikmaður fær tilboð frá erlendu félagi fram að (sic) getur hann rift samningi þessum fram að 1. ágúst 2019.

Með fyrrgreindum samningi fylgdi viðauki 1 með fyrirsögninni „Verktakasamningur“. Í viðaukanum var mælt fyrir um greiðslur til stefnanda. Samkvæmt a-lið voru mánaðarlegar greiðslur 520.000 krónur, á tímabilinu frá 1. september 2019 til loka hvors keppnistímabils fyrir sig. Segir að greiðslan sé „tæmandi endurgjald“ að öðru leyti en því sem komi fram í viðaukanum. Mælt er fyrir um að leikmaður sjái um skil á sköttum og eftir atvikum öðrum lífeyris- og launatengdum gjöldum í tengslum við verktöku sína. Félagið muni einnig sjá leikmanni fyrri aðstoð við rekstrarreikning og gerð skattframtals á umræddu tímabili og að félagið greiði leikmanni eftirstöðvar tekjuskatts vegna samningsins. Þá var mælt fyrir um að félagið útvegaði leikmanni bifreið til afnota á tímabilinu, útvegaði aðstöðu til styrktaræfinga, líkamsræktarkort á samningstímanum, félagið sjái leikmanni fyrir matarmiðum á samningstímanum að andvirði 10.000 króna á mánuði frá 1. september 2019 til loka keppnistímabils og afhendi leikmanni inneignarkort í Nettó að fjárhæð 30.000 krónur á

mánuði á samningstíma. Þá var gert ráð fyrir árangurstengdum greiðslum á samningstímanum. Í f-lið viðaukans var mælt fyrir um að félagið útvegaði leikmanni sjúkráþjálfara honum að kostnaðarlausu meiddist hann á samningstímanum.

2

Hinn 25. október 2019, í fyrsta leik stefnanda eftir undirritun samningsins, slasaðist hann alvarlega á fæti og var að mati lækni talinn ófær um að spila körfuknattleik í 12 mánuði eftir atvikið.

Í samræmi við samning aðila greiddi stefnandi stefnda greiðslur fyrir október og nóvember 2019, en frá og með desember 2019 féllu samningsbundnar greiðslur niður.

Um miðjan nóvember 2019 fóru fram viðræður á milli samningsaðila um þá stöðu sem komin var upp og um það hvort stefnandi tæki að sér að vinna önnur verkefni fyrir stefnda á veikindatímabilinu. Lagði stefndi fram drög að nýjum viðauka 2 við samning aðila, dags. 16. desember 2019, sem fólu í sér breytingar á greiðslum sem mælt hafði verið fyrir um í viðauka 1 sem lýst hefur verið hér að framan og gert var ráð fyrir að myndi gilda fram til 1. september 2020, þegar nýtt leiktímabil hæfist.

Stefnandi hafnaði því að undirrita viðaukann, þar sem hann var ekki reiðubúinn að falla frá samningsbundnum greiðslum samkvæmt samningi aðila og viðauka 1 við hann. Í viðauka 2 var mælt fyrir um mánaðarlegar greiðslur samtals að fjárhæð 150.000 krónur fyrir þjálfun minnibolta drengja og fyrir aðstoðarþjálfun meistaraflokks karla. Tók stefnandi að sér umrædda þjálfun í desember 2019 og fyrir þá vinnu fékk hann, eins og áður segir, greiddar samtals 150.000 krónur, 60.000 krónur fyrir þjálfun minnibolta drengja og 90.000 krónur fyrir aðstoðarþjálfun meistaraflokks karla.

Samningar náðust ekki á milli aðila og hinn 27. janúar 2020, sendi lögmaður stefnanda innheimtubréf til stefnda með kröfu um greiðslu að fjárhæð 560.000 krónur fyrir desember 2019 í samræmi við samning aðila, en að frádregnum áðurgreindum innborgunum vegna þjálfunar sem greitt var fyrir í desember 2019, samtals að fjárhæð 150.000 krónur. Með bréfi, dags. 30. janúar s.m., hafnaði stefndi kröfu stefnanda, m.a. á þeim grundvelli að um verktakasamning væri að ræða og að stefnandi ætti ekki kröfu til endurgjalds fyrir verk sem ekki væri innt af hendi. Í sama bréfi var óskað eftir að stefnandi skilaði bílaleigubifreið sem hann hafði þá til umráða og einnig var þess óskað að hann væri ekki viðstaddur æfingar, leiki og viðburði á vegum stefnda.

Með tölvuskeyti formanns stefnda, dags. 23. mars 2020, var stefnanda tilkynnt um uppsögn samnings aðila með vísan til e-liðar 3. gr. samningsins.

Stefnandi fékk greidda dagpeninga með tveimur greiðslum, dags. 13. og 18. febrúar 2020, frá Sjúkratryggingum Íslands, samtals að fjárhæð 226.367 krónur. Þá fékk stefnandi launagreiðslur að fjárhæð 1.133.128 krónur vegna stundakennslu í Seljaskóla á tímabilinu 11. janúar til 10. apríl 2020.

II

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að samningur aðila geri ráð fyrir því að stefnandi geti orðið fyrir meiðslum við störf sín fyrir stefnda og því geti meiðsli sem hlotist hafa í starfi ekki leyst stefnda undan greiðsluskyldu. Stefnandi hafi skuldbundið sig til að greiða tilgreindar fjárhæðir frá undirritun samningsins og þar til honum yrði rift eða sagt upp með lögmætum hætti. Í samningnum sé gert ráð fyrir að stefnandi geti slasast og að meiðsli leysi stefnda ekki undir samningsskyldum.

Þá er á því byggt að óhappið hafi orðið í leik þegar stefnandi spilaði fyrir stefnda, eða á vinnutíma.

Einnig er á því byggt að meiðsli séu hluti af íþróttum í atvinnumennsku og að samningur aðila geri ekki með neinum hætti ráð fyrir því að stefnandi eigi einn að bera áhættuna af því að meiðast. Þvert á móti geri samningurinn ráð fyrir því að menn geti meiðst og að það hafi ekki áhrif á greiðsluskyldu stefnda, enda um að ræða lögmæt forföll.

Þá hafi það staðið stefnda nær að taka fram í samningnum ef meiðsli áttu að leysa hann undan samningi. Verður stefndi að bera hallann af því að það hafi ekki verið gert.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Stefndi hafi greitt fyrir nóvember, en greiðslur hafi ekki borist fyrir desember 2019, janúar 2020, febrúar 2020 og mars 2020 að undanskildum tveimur innborgunum í desember að fjárhæð 60.000 krónur og 90.000 krónur. Leiktímabilinu hafi lokið þann 18. mars 2020 með tilkynningu frá Körfuknattleikssambandi Íslands og stefnanda borist tilkynning um uppsögn samningsins þann 23. mars 2020.

Kröfufjárhæð eftir tímabili og að frádregnum innborgunum sundurliðar stefnandi eftirfarandi:

Desember 2019	560.000 krónur
Innborgun	(60.000) krónur
Innborgun	(70.000) krónur
Janúar 2020	560.000 krónur
Febrúar	560.000 krónur
Mars 2020	336.000 krónur
Samtals	1.866.000 krónur

Stefnandi gerir kröfu um greiðslu dráttarvaxta hvers gjalddaga fyrir sig með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Í fyrsta lagi bendir stefndi á að krafa stefnanda byggi á verksamningi aðila, og að endurgjald verkkaupa til verktaka byggi samkvæmt því á vinnuframlagi. Sé ekki um að ræða vinnuframlag komi ekki til endurgjalds. Stefnandi hafi ekki getað innt af hendi vinnuframlag við æfingar og keppni í körfubolta og hafi því ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningi aðila að „æfa og leika körfuknattleik með félagi sínu“. Þá hafi hann ekki uppfyllt kröfur um að vera í mjög góðu líkamlegu formi allt keppnistímabilið. Stefnandi geti ekki átt rétt á greiðslu fyrir verk sem ekki hafi verið innt af hendi, sbr. almennar reglur kröfu-, verktaka- og vinnuréttar. Stefnandi byggir á því að hvergi komi fram í samningnum að laun verði greidd óháð framlagi og slík túlkun verði ekki leidd af samningnum. Hafi vilji samningsaðila staðið til þess hefði það þurft að koma fram í samningnum. Þá er því mótmælt að meiðsli takmarki ekki skyldur stefnda. Samningur aðila sé tæmandi um þá kostnaðarliði sem greiðsluskylda stefnda ná til vegna meiðsla og takmarkist við greiðslu kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar.

Stefndi tekur fram að verktakar beri sjálfir ábyrgð á því að tryggja hagsmuni sína ef slys ber að höndum, t.d. með því að kaupa slysatryggingar. Með því takmarki þeir tjón sitt geti þeir ekki unnið umsamin verk.

Stefndi bendir á að þó að íþróttamenn fái greidd verklaun fyrir að stunda íþrótt sína, þá jafnist það ekki á við atvinnumennsku. Íþróttastarf, sem byggi á framlagi sjálfboðaliða og styrkjum fyrirtækja, verði aldrei sett undir hatt atvinnumennsku. Í ljósi þessa geti stefndi ekki fallist á þá nálgun stefnanda að verksamningur aðila feli í sér algjöra greiðsluskyldu stefnda samningstímann á enda óháð vinnuframlagi hans. Slíkt hefði þurft að koma afdráttarlaust fram í samningi aðila. Þá bendir stefndi á að réttur stefnanda samkvæmt verksamningi aðila geti ekki verið ríkari en ef stefndi hefði gert við hann tímabundinn ráðningarsamning, en þá hefði réttur hans til veikinda- eða sjúkraforfalla aldrei orðið með þeim hætti sem stefnandi haldi fram að gildi um verksamning aðila. Þá telur stefndi að krafa stefnanda geti ekki verið leidd af samningsákvæðum um endurhæfingu og sjúkraþjálfun. Þá bendir stefndi á að stefnandi, sem hafi spilað körfubolta sem atvinnumaður í mörg ár, hefði átt að hafa frumkvæði að því að taka af allan vafa um þennan skilning sinn á samningnum.

Fari svo að dómur fallist ekki á framangreind sjónarmið byggir stefndi á því að stefnandi geti aldrei átt tilkall til frekari verklauna úr hendi stefnda en sem nemi greiðslum samkvæmt verksamningi aðila í þrjá mánuði frá 25. október 2019 að telja. Sú nálgun byggi á lögjöfnun frá 4. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Í ákvæðinu greini að allt verkafólk, sem forfallist frá vinnu vegna slysa við vinnuna skuli fá greidd laun fyrir dagvinnu í allt að 3 mánuði. Samkvæmt því geti krafa stefnanda að hámarki tekið til tímabilsins 25. október 2019 til 25. janúar 2020. Stefnandi hafi þegar greitt honum verklaun fyrir tímabilið 25. október til 30. nóvember. Eftir standi að hámarki verklaun frá 1.

desember 2019 til 25. janúar 2020. Krafa stefnanda geti því hæst verið 939.354 krónur (520.000 krónur desember + 419.355 krónur janúar ((520/31) x 25).

Fari svo að dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi eigi inni verklaun úr hendi stefnda byggir stefndi á því að greiðslur úr hendi SÍ komi til frádráttar kröfu stefnanda. Sú krafa byggir á sjónarmiðum um að tjónþoli skuli ekki hagnast á tjóni sínu, auk sjónarmiða um ólögmeta auðgun. Aukinheldur greini í 5. mgr. 11. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga að greiði vinnuveitandi slösuðum manni laun í slysaforföllum þá renni dagpeningagreiðslur samkvæmt lagagreininni til hans þann tíma, þó aldrei hærrí greiðsla en sem nemi $\frac{3}{4}$ hlutum launanna.

Stefndi byggir einnig á því að greiðsla dagpeninga frá Sjúkratryggingum Íslands komi til frádráttar ætluðum útistandandi verklaunum.

Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda og krefst þess að vextir verði í öllu falli ekki ákvarðaðir fyrir en frá dómsuppsögu.

III

Þann 23. október 2019 undirrituðu aðilar máls þessa samning þar sem stefnandi skuldbatt sig til að æfa og leika körfuknattleik fyrir stefnda á samningstímabili sem var ákveðið 2019/2020 og 2020/2021. Í samningnum er fjallað um skyldur leikmanns og skyldur félagsins en einnig er þar að finna almenn ákvæði. Samningi þessum fylgdi viðauki, dagsettur sama dag, sem nefndur er verktakasamningur. Þar er einkum fjallað um greiðslur og önnur hlunnindi til stefnanda fyrir þau tvö tímabil sem samningurinn tók til.

Rétt er að taka fram að samkvæmt 3. gr. d í umræddum samningi er að finna gerðardómsákvæði sem mátti virkja ef deilur risu milli aðila um ákvæði samningsins eða túlkun hans og að tilteknum skilyrðum fullnægðum. Þetta ákvæði hefur ekki borið á góma í deilum aðila hér fyrir dómi. Verður því litið svo á að ákvæðið hafi ekki átt við að mati aðila eða komið til álita af öðrum ástæðum.

Stefnandi byggir á því að með samningnum hafi stefndi skuldbundið sig til þess að greiða tilgreindar fjárhæðir samkvæmt samningnum þar til honum yrði rift eða honum sagt upp með lögum hætti. Telur stefnandi að meiðsli leikmanns geti ekki leyst stefnda undan samningi aðila. Taka hefði átt slíkt fram í samningi þeirra ef svo væri, enda geri samningurinn ráð fyrir því að menn geti slasast.

Stefndi vísar til þess að krafa stefnanda byggji á verksamningi. Af því leiði að geti stefnandi ekki innt af hendi vinnuframlag þá komi ekki til endurgjalds og hafi vilji samningsaðila staðið til annars þá hefði það þurft að koma fram í samningnum.

Atvik málsins eru í aðalatriðum óumdeild, en stefnandi slasaðist á fæti í leik fyrir stefnda hinn 25. október 2019, skömmu eftir undirritun verksamnings aðila og var að mati læknis frá þeim tíma ófær um að spila körfuknattleik í 12 mánuði. Í kjölfar þessa fóru fram viðræður á milli málsaðila sem lutu m.a. að því að stefnandi tæki að sér önnur

verkefni fyrir stefnda gegn lægri þóknun, en því hafnaði stefnandi. Fór svo að stefnandi sendi stefnda innheimtubréf 27. janúar 2020 og krafði stefnda, með vísan til samnings aðila, um greiðslu 560.000 króna fyrir desembermánuð 2019. Með bréfi stefnda, dags. 30. janúar 2020, var kröfunni hafnað og stefnanda enn fremur tilkynnt að honum bæri að skila bifreið sem hann hafði haft afnot af. Einnig var óskað eftir því að hann yrði ekki viðstaddur æfingar, leiki og viðburði á vegum stefnda. Með tölvuskeyti, dags. 23. mars 2020, tilkynnti stefndi stefnanda um uppsögn samningsins á grundvelli e-liðar 3. gr. samningsins.

Niðurstaða í máli þessu ræðst af túlkun og efni samnings aðila. Telur dómurinn að við úrlausn málsins skipti meginmáli hvor aðila skuli bera áhættuna af því að stefnandi slasaðist illa á fæti í leik á vegum stefnda þann 25. október 2019 þannig að hann varð ófær um að efna vinnuframlag sitt við stefnda. Í því efni koma fyrrgreind samningsákvæði til skoðunar, þ.e. einkum e-liður 1. gr., þar sem segir m.a. að leikmanni sé óheimilt að æfa, keppa, þjálfra eða sýna körfuknattleik á vegum annars aðila en félagsins á samningstímanum án leyfis stjórnar þess og að honum skuli ævinlega heimil þátttaka í körfuknattleikslandsleikjum Íslands svo framalega að hann sé slysatryggður af hálfu KKÍ. Telur dómurinn að þessi ákvæði bendi eindregið til þess að áhætta vegna slysa, sem eiga sér stað í samningsbundnum körfuknattleikjum, hvíli á stefnda. Verður við það miðað í máli þessu. Að þessu virtu ber að hafna þeirri málsástæðu stefnda, að stefnandi eigi ekki rétt á umsömdum greiðslum þar sem hann hafi ekki getað innt af hendi vinnuframlag sitt.

Það er óumdeilt milli aðila að báðum aðilum hafi verið heimilt að segja samningnum upp án fyrirvara. Stefndi sendi stefnanda tölvuskeyti 23. mars 2020 þar sem honum var tilkynnt um uppsögn samningsins með vísan til e-liðar 3. gr. samningsins. Stefnandi dregur lögmæti uppsagnarinnar ekki í efa en miðar greiðslukröfu sína við gjaldfallnar greiðslur á samningstímanum og til 18. mars 2020, þegar leiktímabilinu 2019/2020 lauk vegna farsóttarinnar með tilkynningu frá Körfuknattleikssambandi Íslands. Að þessu gættu er það niðurstaða dómsins að fallast beri á kröfu stefnanda um greiðslur samkvæmt samningnum til 18. mars 2020 í samræmi við dómkröfu hans. Þar sem hér er um að ræða samningsbundnar greiðslur verður ekki fallist á að greiðslur til stefnanda frá Sjúkratryggingum Íslands, launagreiðslur til hans vegna kennslu í Seljaskóla eða fyrir afnot bifreiðar, sem var hluti af samningi aðila, komi til frádráttar stefnukröfunum.

Í samræmi við almennar reglur kröfuréttar ber að greiða stefnanda dráttarvexti miðað við gjalddaga vangreiddra greiðslna. Með vísan til þess og til 1. mgr. 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 er fallist á greiðslu dráttarvaxta eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, ber stefnda að greiða stefnanda 800.000 krónur í málskostnað.

Skúli Sveinsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda.

Sveinbjörn Claessen lögmaður flutti málið fyrir stefnda.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Körfuknattleiksdeild ÍR, ber að greiða stefnanda, Sigurði Gunnari Þorsteinssyni, 1.866.000 krónur auk dráttarvaxta, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 410.000 krónum frá 5. janúar 2020 til 5. febrúar 2020, af 970.000 krónum frá 5. febrúar 2020 til 5. mars 2020, af 1.530.000 krónum frá 5. mars 2020 til 5. apríl 2020 og af 1.866.000 krónum frá 5. apríl 2020 til greiðsludags.

Stefnda ber að greiða stefnanda 800.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)